

## Hæfniviðmið í íslensku – þrep 2

### Talað mál, hlustun og áhorf

Tjáð sig með skýrum og áheyrilegum framburði.
Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar.
Haldið athygli áheyrenda í framsögn.
Tekið þátt í samræðum og rökræðum af virðingu og kurteisi.
Sýnt kurteisi í samræðum og hlustað af athygli á framsögn annarra.
Notað eigin reynslu til að skilja viðfangsefni í samræðum og rökræðum.
Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.

### Lestur og bókmenntir

Lesið texta við hæfi með góðum hraða.
Lesið texta sér til skilnings.
Lesið texta og túlkað hann.
Notað þekkingu sína til að skilja og túlka lesin texta.
Lesið fjölbreytt lesefni sér til ánægju.
Lesið fjölbreytt lesefni sér til skilnings, svo sem þjóðsögur, ljóð, barna- og unglingsbókmenntir og fræðitexta.
Greint rím.
Greint ljóðstafi.
Greint hrynjandi.
Greint líkingar.
Greint tíma.
Greint sjónarhorn.
Greint sögusvið.
Greint boðskap.
Aflað tölulegra og myndrænna upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni og nýtt við lausn verkefna.
Lesið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og lagt mat á trúverðugleika þeirra.
Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi, til gagns og ánægju.

## Ritun

Skrifað læsilega með persónulegri rithönd.
Beitt algengum aðgerðum í frágangi texta.
Notað orðabækur eða aðra gagnabrunna um mál.
Samið texta, s.s. sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli.
Beitt eigin sköpun í textagerð.
Veitt öðrum hlutdeild í eigin textagerð með því að kynna eða leyfa öðrum að lesa.
Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar.
Beitt reglum um n og nn í endingum orða.
Beitt reglum um i, í, y og ý.
Beitt reglunni um sérhljóða á undan ng og nk.
Greint stofn orða.
Beitt reglum um g.
Beitt reglum um j, je og é.
Beitt reglum um v og f.
Beitt reglum um hv og kv.
Beitt reglum um gs, ks og x.
Beitt reglum um einfaldan og tvöfaldan samhljóða.
Skoðað frásagnarhátt höfunda og nýtt hann í eigin ritun.
Nýtt heimildir í ritun og vísað til þeirra í texta.

## Málfræði

Notað ríkulegan orðaforða.
Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að bæta orðaforða sinn.
Greint sagnorð.
Greint nafnorð.
Greint lýsingarorð.
Greint fornöfn.
Greint greini.
Greint töluorð.
Greint samtengingar.
Greint forsetningar.
Greint atviksorð.
Greint nafnháttarmerki.
Greint upphrópanir.
Getu nýtt þekkingu sína á orðflokkum til að búa til setningar og málsgreinar.
Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun, í stafsetningu og í töluðu máli.